

**Skilmálar Ísorku ehf. (450808 1560) Skeifunni 19 - 108 Reykjavík um þjónustu Ísorku ehf. um afhendingu/sölu á hleðslu til viðskiptavina hleðslustöðva. Uppfærðir 23.09.2019.**

**Skilmálar þessir skiptast í tvær greinar, annarsvegar þá sem stofna til samnings um aðgang sem meðlimir og hinsvegar um þá sem staðgreiða, sjá bls. 3.**

## **1. Grein**

### **Samningur um aðgang sem notandi**

1.

Skilmálar þessir gilda einungis um þá viðskiptavini sem stofna til samnings um aðgang að hleðslustöðvum stöðvareigenda, hér eftir kallaðir meðlimir. Skráðir meðlimir eru þeir sem gera samning um aðgang að hleðslulykli Ísorku ásamt innskráningaraðgang að Ísorku appinu.

2.

Ísorka ehf. hefur samið við tiltekna rekstraraðila/eigenda hleðslustöðva, hér eftir stöðvareigendur, um þjónustu við sölu/afhendingu þeirra á hleðslu til notanda/eigenda bifreiða er ganga fyrir rafmagni, hér eftir kallaðir meðlimir, en skilmálar þessir gilda um slíka meðlimi. Í appi Ísorku ehf. (Ísorka) er að finna lista yfir þær hleðslustöðvar sem samið hafa við Ísorku ehf. um þjónustu.

3.

Ísorka ehf. veitir meðlimum þjónustu samkvæmt skilmálum þessum. Ísorka ehf. er ekki alltaf söluaðili hleðslu til meðlima. Ísorka ber því enga ábyrgð á verðlagningu á hleðslu stöðvareigenda. Ísorka ehf. ber m.a. enga ábyrgð á tjóni sem meðlimir kunna að verða fyrir við afhendingu/sölu á hleðslu til meðlima, s.s. vegna bilana í búnaði á hleðslustöð, ójafnvægi (truflunar) í raforku o.fl., né tjóni sem hleðslustöðvar kunna að verða fyrir við þá afhendingu og/eða sölu. Þá ber Ísorka ehf. ekki ábyrgð á búnaði á hleðslustöðvum og ábyrgist m.a. ekki að tengibúnaður sé til staðar á hleðslustöð. Söluverð hleðslunnar til meðlima er ákveðið af stöðvareiganda og Ísorka ehf. með öllu óviðkomandi. Um viðskipti hleðslustöðva gilda samningar þeirra á milli.

4.

Ísorka ehf. hefur þróað kerfi (smáforrit) í því skyni að þjóna hagsmunum hleðslustöðvareigenda og meðlima og er meðlimum veittur aðgangur að því kerfi með samningum við Ísorku ehf. Skilmálar þessir gilda um þá þjónustu Ísorku ehf. við meðlimi.

5.

Meðlimir samþykkja skilmála þessa við Ísorku ehf. um aðgang þeirra að kerfi (smáforriti) Ísorku ehf., sem gerir þeim mögulegt að eiga viðskipti við stöðvareigendur um kaup á hleðslu á bifreiðar. Kerfi (smáforrit) Ísorku ehf. gerir aðeins möguleg viðskipti við hleðslustöðvar, sem gert hafa samninga við Ísorku ehf. um þjónustu við sölu/afhendingu á hleðslu.

6.

Þjónusta Ísorku ehf til meðlima er gjaldfrjál á meðan stöðvareigendur krefjast ekki greiðslu fyrir þá hleðslu eða þjónustu sem í boði er á hleðslustöð. Á sama tíma og stöðvareigandi krefst greiðslu fyrir þá hleðslu eða þjónustu sem í boði er á hleðslustöð þarf meðlimur að skrá upplýsingar um greiðslukort inni á mínum síðum, í skráningarferli eða notfæra sér staðgreiðslumöguleika Ísorku, sjá bls. 3.

Við samning skuldbindur meðlimur sig við samþykki skilmála að greiða til Ísorku ehf. kr. 3.000.- eftir fyrstu hleðslu á hleðslustöð. Sú fjárhæð er inneign viðskiptavinar hjá Ísorku ehf., og er samkomulag um að sú inneign verði nýtt til að greiða fyrir afnot/kaup viðskiptavinar á hleðslu af hleðslustöðvum stöðvareigenda. Meðlimur fær við samþykki skilmála þessa afhenda inneign á persónulegum aðgang sem meðlimur nýtir við kaup á hleðslu á hleðslustöðvum. Aðgangur geymir upplýsingar um inneign meðlimar hjá Ísorku ehf. og við kaup á hleðslu á hleðslustöðvum framvísir viðskiptavinur hleðslulykli eða staðfestingu með smáforriti og færist þá sjálfkrafa af inneign meðlimar fjárhæð sem er jafnhá kaupum meðlimar á hleðslu á hleðslustöð á hverjum tíma. Samhliða skuldbindur meðlimur sig til að greiða amk kr. 3.000.- til Ísorku ehf. svo inneign hans verði eigi lægri en kr. 1.- Meðlimur heimilar skuldfærslu af kreditkorti eða greiðslukorti sínu fyrir þeirri fjárhæð skv. sérstöku samkomulagi. Ísorka ehf áskilur sér rétt til þess að senda fréttabréf eða aðrar tilkynningar á skráð netföng meðlima.

Meðlimir eru ábyrgir fyrir hleðslulyklum og aðgangi og skulu gæta þess að lykjar eða aðgangsorð komist ekki í hendur óviðkomandi. Ísorka ehf. ber ekki ábyrgð á misnotkun hleðslulykla og inneigna.

#### 7.

Ísorka ehf og meðlimum er heimilt að segja upp samning þessum með 14 daga fyrirvara. Við lok samnings skal Ísorka ehf. greiða meðlimi inneign sem hann kann að eiga hjá félaginu.

#### 8.

Um meðferð persónuupplýsinga um meðlimi gilda einkum ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum. Ísorka ehf. leggur áherslu á að tryggja trúnað, áreiðanlega, örugga og ábyrga meðferð upplýsinga um meðlimi. Eftirfarandi upplýsingar um meðlimi eru skráðar í gagnaskrá Ísorku ehf.:

- Skírnarnafn og eftirnafn meðlimar.
- Heimilisfang, símanúmer og netfang meðlimar.
- Upplýsingar um samninga við meðlimi.
- Númer greiðslukorts meðlima (dulkóðað).
- Notandanafn meðlima.

Meðlimir samþykkja við skráningu skilmála þessara að unnið verði úr upplýsingum um meðlimi í eftirfarandi skyni:

- Til að bera kennsl á meðlim.
- Vegna þjónustu við meðlim og samskipta.
- Vegna útgáfu reikninga og innheimtu krafna á meðlim.
- Vegna reksturs og þróunar hleðsluþjónustu og annarrar þjónustu Ísorku ehf.
- Vegna eftirlits með notkun meðlima á hleðsluþjónustu.
- Vegna beinnar markaðssetningar Ísorku ehf., skoðanakannana, markaðsrannsóknna og annarra skyldra ráðstafana Ísorku ehf.

#### 9.

Rísi ágreiningur milli aðila samnings þessa má mál um þann ágreining reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 2. Grein

### Skilmálar fyrir notendur sem hlaða án samnings /staðgreiða.

1.

Skilmálar þessir gilda einungis fyrir þá notendur sem kjósa að hlaða án samnings og án þess að gerast meðlimir í viðskiptamannakerfi Ísorku.

2.

Ísorka ehf. hefur samið við tiltekna rekstraraðila/eigenda hleðslustöðva, hér eftir nefndir stöðvareigendur, um þjónustu við sölu/afhendingu þeirra á hleðslu til notenda/eigenda bifreiða er ganga fyrir rafmagni. Í appi Ísorku ehf. (Ísorka) og vefsíðu er að finna lista yfir hleðslustöðvar þeirra stöðvareigenda sem samið hafa við Ísorku ehf. um þjónustu.

3.

Ísorka ehf. veitir viðskiptavinum þjónustu samkvæmt skilmálum þessum. Ísorka ehf. er ekki alltaf söluaðili hleðslu til viðskiptavina hleðslustöðva. Söluaðili hleðslu er stöðvareigandi viðkomandi hleðslustöðvar og ber Ísorka ehf. enga ábyrgð á sölu/afhendingu á hleðslu til viðskiptavina hleðslustöðva á þeim hleðslustöðvum. Ísorka ehf. ber því ekki ábyrgð á efndum stöðvareigenda á skyldu um sölu/afhendingu á hleðslu til viðskiptavina. Ísorka ehf. ber m.a. enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinir hleðslustöðva kunna að verða fyrir við afhendingu/sölu á hleðslu til viðskiptavina hleðslustöðva, s.s. vegna bilana í búnaði á hleðslustöð, ójafnvægi (truflunar) í raforku o.fl., né tjóni sem hleðslustöðvar kunna að verða fyrir við þá afhendingu og/eða sölu. Þá ber Ísorka ehf. ekki ábyrgð á búnaði á hleðslustöðvum og ábyrgist m.a. ekki að tengibúnaður sé til staðar á hleðslustöð. Söluverð á hleðslu til viðskiptavina stöðvareigenda er ákveðið af stöðvareiganda viðkomandi hleðslustöðvar og Ísorka ehf. með öllu óviðkomandi. Um viðskipti hleðslustöðva gilda samningar þeirra á milli.

4.

Ísorka ehf. hefur þróað kerfi (smáforrit) í því skyni að þjóna hagsmunum stöðvareigenda og viðskiptavina hleðslustöðva og er viðskiptavinum hleðslustöðva veittur aðgangur að því kerfi. Skilmálar þessir gilda um þá þjónustu Ísorku ehf. við viðskiptavini hleðslustöðva sem staðgreiðir, hleður án samnings.

5.

Viðskiptavinir hleðslustöðva samþykkja skilmála þessa við Ísorku ehf. um aðgang þeirra að staðgreiðslukerfi Ísorku ehf., sem gerir þeim mögulegt að eiga viðskipti á hleðslustöðvum stöðvareigenda á hleðslu á bifreiðar. Kerfi (smáforrit) Ísorku ehf. gerir aðeins möguleg viðskipti við hleðslustöðvar, sem gert hafa samninga við Ísorku ehf. um þjónustu við sölu/afhendingu á hleðslu.

6.

Þjónusta Ísorku ehf til viðskiptavina er gjaldfrjáls á meðan stöðvareigendur krefjast ekki greiðslu fyrir þá hleðslu eða þjónustu sem í boði er á hleðslustöð. Á sama tíma og stöðvareigandi krefst greiðslu fyrir þá hleðslu eða þjónustu sem í boði er á hleðslustöð þarf notandi að geiða fyrir hana.

8.

Þegar notandi staðgreiðir er ekki krafist neinna persónurekjandi upplýsinga og á því engin vinnsla sér stað í kerfinu. Engin samningur verður til á milli viðskiptavinar og Ísorku ehf. Eiga því lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum ekki við.

9.

Rísi ágreiningur milli aðila skilmála þessa má mál um þann ágreining reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## **Persónuverndarstefna fyrir þjónustu Ísorku og Liikennevirta Ltd**

Þessi persónuverndarstefna hefur verið samin til að þjóna þeim sem hafa áhyggjur af því hvernig persónurekjandi upplýsingar (PRU) þeirra séu meðhöndlaðar og nýttar á netinu. PRU, eins og lýst er í Íslenskum persónuverndarlögum og upplýsingaöryggi, er upplýsingar sem hægt er að nota í eigin persónu eða með öðrum upplýsingum til að bera kennsl á, hafa samband við eða finna einn einstakling eða að auðkenna einstakling í samhengi. Vinsamlegast lesið persónuverndarstefnu okkar vandlega til að fá skilning á því hvernig við söfnum, notum, verndum eða meðhöndlum persónurekjandi upplýsingar þínar í samræmi við heimasíðuna okkar og þjónustu. Ísorka leggur sérstaka áherslu á að allir rafbílaeigendur geta hlaðið án þess að gefa upp PRU í gegnum staðgreiðsluleiðir Ísorku.

### **Hvaða PRU söfnum við frá þeim sem heimsækja heimasíðuna okkar eða app?**

Þegar þú pantar eða skráir þig á síðunni okkar, eftir því sem við á, getur verið að þú sérst beðin um að slá inn nafnið þitt, netfang, póstfang, símanúmer, kreditkortaupplýsingar, kennitölu eða aðrar upplýsingar sem þú veitir til þess að tryggja euðkenningu.

### **Staðsetning**

áætluð staðsetning (netkerfi)

nákvæmar staðsetningar (GPS og netkerfi)

### **Sími**

lesa stöðu símans og auðkenni

### **Myndir/Skrár**

lesið innihald USB geymslunnar

breytt eða eytt innihaldi USB geymslunnar

### **Minni**

lesið innihald USB geymslunnar

breytt eða eytt innihaldi USB geymslunnar

### **Tæki ID og símtal upplýsingar**

lesa stöðu símans og auðkenni

### **Annað**

skoða netkerfi

fullur aðgangur að netkerfi

hindra að tæki sofni

### **Hvenær söfnum við upplýsingum?**

Við söfnum upplýsingum frá þér þegar þú pantar eða slærð inn upplýsingar á heimsíðunni okkar. Við þurfum að tilgreina hvenær forritið safnar þessum gögnum sem er í grundvallaratriðum allan tímann meðan á notkun stendur. Með því að nota appið gefur notandinn okkur rétt til að fá aðgang og nota upplýsingarnar sem forritið óskar eftir úr símanum.

### **Hvernig nýtum við þínar upplýsingar?**

Við kunnum að nýta upplýsingarnar sem við söfnum frá þér þegar þú skráir þig, verslar, svarar könnun eða markaðssamskiptum, flettir vefsíðunni okkar eða notar ákveðnar aðrar síðuaðgerðir á eftirfarandi hátt:

- Að leyfa okkur að þjónusta þig betur með því að svara beiðnum þínum um þjónustu okkar.
- Að flýta fyrir viðskiptum.
- Til að koma í veg fyrir ólöglega eða óviðeigandi notkun á PRU annarra á þjónustu okkar.
- Til að tryggja lánstraust einstakra viðskiptavina.

Við nýtum ekki gögnin sem appið nálgast annars staðar né heldur að geyma þessi gögn eftir notkun, nema staðsetningu, upphafstími og lokatíma hvernar hleðslulotu á hleðslustöð.

### **Hvernig verjum við upplýsingarnar?**

Þar sem gögnum er ekki safnað hvar sem er, er ekki þörf á að veita vernd fyrir aðrar upplýsingar en fyrir gögnin (sem nefnd eru hér að framan) sem eru geymd í skráarsafni okkar.

Vefsíðan okkar er skönnuð með reglulegu millibili í leit að öryggisgöllum og þekktum veikleikum til að gera heimsókn þína á síðuna okkar eins örugg og mögulegt er.

Við notum reglulega "malware" skönnun.

Þínar PRU eru að finna á bak við tryggt net og er aðeins aðgengilegt af takmörkuðum fjölda einstaklinga sem hafa sérstakt aðgangsrétt að slíkum kerfum. Allir sem aðgang hafa eru bundnir trúnaði. Að auki eru allar viðkvæmar / greiðsluupplýsingar sem þú veitir dulkóðuð með SSL-tækni (Secure Socket Layer).

Við gerum ýmsar öryggisráðstafanir þegar notandi pantar þjónustu til að viðhalda öryggi allra þinna PRU.

Til að auðvelda okkur getum við geymt kreditkortaupplýsingarnar þínar svo lengi sem þú notar þjónustu okkar ásamt upplýsingum um ábyrgð 180 dögum eftir til þess að flýta fyrir framtíðar viðskiptum og til að tryggja sjálfvirkt innheimtuferli.

## **Nýtum við "cookies"?**

Já. cookies eru smá skrár sem síða eða þjónustuveitandi flytur yfir á harða diskinn í tölvunni þinni með vafranum þínum (ef þú leyfir) sem gerir kerfi vefsvæðis eða þjónustuveitunnar kleift að þekkja vafrann þinn og fanga og muna tilteknar upplýsingar. Til dæmis notum við cookies til að hjálpa okkur að muna og vinna úr hlutunum í körfunni þinni í netversluninni. Þau eru einnig notuð til að hjálpa okkur að skilja óskir þínar byggðar á fyrri eða núverandi virkni vefsvæðisins, sem gerir okkur kleift að veita þér betri þjónustu. Við notum líka cookies til að hjálpa okkur að safna saman gögnum um umferð á vefsvæðum og vefsíðusamskiptum svo að við getum boðið betri reynslu og verkfæri á síðuna í framtíðinni.

### **Við notum cookies til þess að:**

- Hjálpa að muna og afgreiða vörur í netverslun.
- Safna saman gögnum um umferð á vefsvæðum til þess að bjóða upp á betri upplifun á síðunni í framtíðinni. Við gætum líka notað traustan búnað frá þriðja aðila til þess að rekja þessar upplýsingar með okkar leyfi.

Þú getur valið að láta tölvuna þína vara þig í hvert sinn sem cookie er send eða þú getur valið að slökkva á öllum cookie. Þú gerir þetta í gegnum stillingar vafrans. Ef þú þekkir ekki hvernig þú breytir stillingum þá mælum við með því að þú notir aðstoð "HELP" í vafranum og leitar þar eftir cookies.

### **Ef notanda slekkur á cookies í vafranum sínum:**

Ef þú slekkur á cookies, gætu sumir af þeim eiginleikum sem gera síðuna skilvirkari ekki virkað rétt.

## **Upplýsingagjöf þriðja aðila**

### **Gefum við upplýsingar sem við söfnum til þriðja aðila?**

Við gætum selt, skipts á eða á annan hátt sent til utanaðkomandi aðila nafn þitt, símanúmer, staðsetningargögn og kennitölu í samræmi við íslensk lög til að þróa þjónustu við viðskiptavinum okkar og þjónustunet. Dagsetningin sem við flytjum er alltaf hreinsuð þannig að hún innihaldi ekki gögn sem gætu verið tengdar einstaklingi.

## **Google**

Auglýsingakerfi Google tekur saman upplýsingar í gegnum Google Advertising Principles. Þau eru notuð til að veita jákvæða reynslu fyrir notendur. <https://support.google.com/adwordspolicy/answer/1316548?hl=is>

Við höfum ekki virkjað Google AdSense á vefsvæðinu okkar, en við gætum gert það í framtíðinni

**Við skráum netfangið þitt til þess að:**

- Til þess að vinna með og senda upplýsingar og uppfærslur sem tengjast pöntunum
- Sendu þér frekari upplýsingar sem tengjast vörunni þinni og / eða þjónustu
- Skráningu á póstlista okkar eða til þess að senda tölvupósti til viðskiptavina okkar eftir að upphafleg viðskipti hafa átt sér stað.

**Til að vera í samræmi við lög og reisin samþykkingum við eftirfarandi:**

- Ekki nota rangt eða villandi efni eða netföng.
- Taka skýrt fram ef um auglýsingu eða markaðstengt efni er um að ræða.
- Innihalda heimilisfang aðal skrifstofu okkar.
- Vakta markaðsherferðir þriðja aðila með netföngum ef það yrði nýtt.
- Bregðast hratt við beiðnum um afskráningum.
- Heimila notandum að afskrá sig sjálf milliliðalaust af póstlista.

**Ef þú vilt, hvenær sem er, segja upp áskrift að móttöku tölvupósts, geturðu sent okkur tölvupóst á:**

isorka@isorka.is og við munum fjarlægja þig án tafar.

**Hafa samband**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi þessa persónuverndarstefnu getur þú haft samband við okkur með því að nota upplýsingarnar hér að neðan.

Isorka.is eða

Ísorka ehf, Skeifunni 9, 108 Reykjavík, Ísland

## Lýsing á upplýsingum um viðskiptavinum Ísorku og Liikennevirta

### 1. Fyrirtæki

Ísorka ehf Kennitala: 450808 1560  
Skeifunni 19 sími. +354 5 687 666  
Netfang: isorka@isorka.is

Liikennevirta Ltd ("Liikennevirta") Energiakuja 3  
FI-00180 Helsinki, Finland  
tel. +358 50 434 0132  
e-mail: support@virta.fi

### 2. Sá sem ber ábyrgð á málefnum sem tengjast gagnaskránni

Sigurður Ástgeirsson Framkvæmdastjór Ísorku  
Sími+354 5 687 666  
netfang:siggi@isorka.is

Jussi Palola Framkvæmdastjóri Liikennevirta Ltd  
Energiakuja 3  
FI-00180 Helsinki, Finland  
Sími +358 50 434 0132  
Netfang : jussi.palola@virta.fi

### 3. Heiti gagnaskrá

Viðskiptavinagagnaskrá

### 4. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Persónuleg gögn viðskiptavina má meðhöndla í eftirfarandi tilgangi:

- auðkenna viðskiptavin
- þjónusta viðskiptavini, hafa samband og annað viðhald viðskiptasambanda
- innheimta og skuldasöfnun
- Framleiðslu og þróun hleðsluþjónustu og annarrar þjónustu Ísorku
- fylgjast með notkun hleðslustöðvar
- bein markaðssetning, skoðanakannanir og markaðsrannsóknir auk annarra réttlætanlegra nota



## 5. Innihald gagnaskrárinnar

Eftirfarandi upplýsingar um viðskiptavininn eru skráðar í gagnaskránni:

- Fornafn og eftirnafn
- Heimilisfang, símanúmer, netfang
- Upplýsingar um samkomulag
- Greiðslukorta upplýsingar
- notendanafn

## 6. Hefðbundinn uppruni gagna

Upplýsingar um viðskiptavini sem skráðar eru í gagnaskránni eru reglulega móttækin frá viðskiptavininum samhliða því þegar hann skráir sig sem notandi.

## 7. Regluleg upplýsingagjöf og gagnaflutningur utan ESB eða EES

Ísorka og Liikennevirta er heimilt að birta upplýsingar viðskiptavinarins, sem um getur í lið 5, til undirverktaka og samstarfsaðila með þeim hlutum og umfangi upplýsinga sem birtar eru samkvæmt því sem talið er nauðsynlegt fyrir afhendingu þjónustunnar og vara sem Ísorka og Liikennevirta býður í hverju augnablikinu til viðskiptavinarins (s.s. þjónustu á hleðslustöð, afhendingu á vöru og þjónustu, greiðsluþjónustu, innheimtu o.fl.). Ísorka og Liikennevirta gefur ekki persónuupplýsingum viðskiptavinarins til beinnar markaðssetningar.

Persónuupplýsingar sem skráðar eru í gagnaskránni eru ekki fluttar utan ESB eða EES.

## 8. Meginreglur sem gilda um gagnaskrána

### 8.1. Handvirkt efni

Það er ekkert handvirkt efni.

### 8.2. Gögn skráð á rafrænu formi

Aðeins þeir einstaklingar sem, vegna stöðu þeirra eða skyldna, eiga rétt á að vinna úr persónuupplýsingum viðskiptavina, eiga rétt á að nota kerfið sem inniheldur viðskiptaupplýsingar. Gögnin eru staðsett á netþjóni í læstu plássi og aðgengi að þessu svæði er takmörkuð. Hver einstaklingur sem vinnur persónuupplýsingar hefur sitt eigið notandanafn og lykilorð fyrir kerfið.

## 9. Réttindi til geymslu gagna

### 9.1. Réttur til aðgangs og úrbóta

Viðskiptavinurinn hefur rétt til að fá aðgang að öllum gögnum sem tengjast honum / henni skráð í gagnaskránni. Tengiliðir sem tengjast aðgangsheimildum skulu vera skriflegar, undirritaðir og sendar á netfangið sem nefnt er í 2. lið. Ef gögnin í gagnaskránni innihalda villur eða eru ófullnægjandi getur viðskiptamaðurinn sent inn beiðni um leiðréttingu fyrir þann sem ber ábyrgð á málefni sem tengjast gagnaskránni, sem getið er um í 2. lið.

Viðskiptavinurinn hefur einnig tækifæri til að leiðrétta og uppfæra gögnin sín í gegnum mínar síður á heimasíðu Ísorku.

Persónuvernd – Þjónusta Ísorku og Liikennevirta Ltd

## 9.2. Réttur til að banna vinnslu

Viðskiptavinurinn hefur rétt til að banna Ísorku og Liikennevirta á vinnslu persónuupplýsinga hans í þeim tilgangi að beina markaðssetningu, markaðsrannsóknum og skoðanakönnunum. Í málefnum sem varða bann og leiðréttingu getur viðskiptamaðurinn haft samband við stjórnandann með tölvupósti eða pósti á netfanginu sem nefnt er í liður 1 eða haft samband við þann sem ber ábyrgð á málefnum sem tengjast gögnaskránni, sem getið er um í 2. Lið

Ísorka ehf

450808 1560

Skeifunni 19

108 Reykjavík

Ísland

5 687 666

[isorka@isorka.is](mailto:isorka@isorka.is)

[www.isorka.is](http://www.isorka.is)